

**Nd. 332. Nefndarálit [88. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 23. júní 1936, um eyðing svartbaks (veiðibjöllu).

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á tveimur fundum. Á öðrum fundinum mætti dr. Finnur Guðmundsson, forstöðumaður Náttúrgripasafns Íslands, til viðræðna við nefndina um málið. Enda þótt fram kæmi í nefndinni sú skoðun, að breyting sú, sem í frv. felst, þ. e. hækkun skotmannslauna, mundi ekki koma að verulegu gagni til þess að vernda varplönd æðarfuglsins og æðarungana gegn veiðibjöllunni, þá taldi nefndin sjálfsagt, að þessi tilraun yrði gerð, og mælir einróma með samþykkt frumvarpsins.

Dr. Finnur Guðmundsson lét nefndinni í té yfirlit yfir eyðingu svartbaks með skotum á árunum 1942—1954, og fylgir yfirlit þetta hér með.

Alþingi, 28. febr. 1962.

Gunnar Gíslason, Benedikt Gröndal, Jónas Pétursson.  
form., frsm. fundaskr.  
Karl Guðjónsson. Ágúst Þorvaldsson.

Fylgiskjal.

Greitt úr ríkissjóði og sýslusjóðum samkvæmt lögum nr. 89/1941, um eyðingu svartbaks.

1942	.....	kr.	3498.00	fyrir	3498	svartbaka
1943	.....	—	6422.00	—	6422	—
1944	.....	—	3463.00	—	3463	—
1945	.....	—	3021.00	—	3021	—
1946	.....	—	2357.00	—	2357	—
1947	.....	—	4012.00	—	4012	—
1948	.....	—	2982.00	—	2982	—
1949	.....	—	2724.00	—	2724	—
1950	.....	—	2664.00	—	2664	—
1951	.....	—	3691.00	—	3691	—
1952	.....	—	2626.00	—	2626	—
1953	.....	—	7719.00	—	2573	—
1954	.....	—	8277.00	—	2759	—

Samtals kr. 53456.00 fyrir 42792 svartbaka

Verðlaun námu 1 kr. fyrir hvern drepinn fugl á árunum 1942—1952 og 3 kr. fyrir hvern drepinn fugl á árunum 1953—1954.